


Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. janúar 2013
Tilvísun: UST20121200102/há

Breyting á sorpurðunarstað. Fíflholt á Mýrum

Umhverfisstofnun vísar í erindi Skipulagsstofnunnar dags 12. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um hvort og á hvaða försendun ofangreind framkvæmd er háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Almennt um breytinguna

Sorpurðun Vesturlands hf. hyggst opna nýjan urðunarstað innan sorpurðunarsvæðis sem hefur verið í rekstri í Fíflholti á Mýrum, Borgarbyggð frá 1. desember 1998. Á urðunarstaðnum hefur verið tekið á mótí almennum úrgangi og óvirkum úrgangi. Í greinagerð segir að fyrirhugað sé að loka eldri urðunarstað og ganga endanlega frá þeim þremur urðunarreinum sem þar hafa verið notaðar. Nýr urðunarstaður verður innan þess svæðis sem gert var ráð fyrir að urðun færi fram á þegar gert var mat á umhverfisáhrifum sorpurðunarsvæðisins árið 1997. Í því mati var gert ráð fyrir að urðuð yrðu 7.000-9.000 tonn á ári í fyrstu sem færi síðan minkandi vegna endurvinnslu og færi samtals í um 120.000 tonn á 20 árum. Í greinagerð segir að ljóst sé að sorpmagnið verði meira en gert var ráð fyrir í matinu, þ.e. allt að 210.000 tonn, til viðbótar því magni sem urðað hefur verið í eldri hluta svæðisins. Gert er ráð fyrir að 8.000-9.000 tonn komi árlega til urðunar á nýja urðunarstaðnum.

Í greinagerð segir að gert sé ráð fyrir að tekið verði við lífrænum úrgangi til urðunar á nýja urðunarstaðnum. Þar af leiðandi er gert ráð fyrir söfnun hauggass. Frumhönnun á söfnunarkerfi hefur verið unnin og mun frekari vinna við hönnun og lagningu kerfisins fara í gang á næstunni. Urðunarstaðurinn hefur þegar verið hannaður og er í raun tilbúin að frátöldu ofangreindu söfnunarkerfi fyrir metangas. Í greinagerð segir að ekki sé þörf á lagningu vega, raski á gróðri eða öðrum framkvæmdum.

Fram kemur í greinagerð að á nýja urðunarstaðnum sé gert ráð fyrir einni urðunarrein, sem er um 3,6 ha. Dýpi reinarinnar er 7-8 m og heildarrúmtak 252.000-288.000 m³. Í reininni er sigvatnssöfnunarkerfi sem leiðir sigvatn að hreinsivirki sem staðsett er sunnan við reinina. Grafið var niður á klöpp og allar hæstu hæðirnar í botninum sprengdar burt til að ná jafnhallandi fleti langs niður

hólfið til að ná nægilegum vatnshalla að sigvatnssöfnunarkerfi. Tvær drenlagnir voru fleygðar niður í rás langsum eftir reininni og þær umluktar lekri drenmöl. Lengsta rennslisfjarlægð af botni reinar í dreifikerfi er um 12 m. Ofan á klapparbotn var sett jöfnunarlag úr jökulruðningi og þar ofan á 50 cm þykkt hriplag með mikla lekt til að tryggja að söfnunaratn skili sér hratt til söfnunarkerfis og ekki myndist uppistaða og þar með vatnsþrýstihæð á klöppina. Mómoldarlag og jökulruðningur var fluttur til hliðar og til uppbyggingar hallandi hliða sem ná um 3-5 m upp fyrir landyfirborð. Halli hliðanna er um 1:1 til 1:2. Megnið af sigvatni sem á þær fellur á þannig að skila sér hratt niður að klapparbotninum og í drenkerfið. Úrgangur sem fer í reinina verður hulinn með trjákurli eða jarðvegi í lok hvers dags. Eins metra yfirlag verður á reininni eftir að hún hefur verið fyllt og er yfirborðsvatn veitt frá henni, norðan og austantil, framhjá hreinsivirki og í mýrina fyrir neðan. Vatnsviðtaki er neðan urðunarstaðar, þ.e. Norðlækur og er hann skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki sem og Akraósinn við mynni Hítará. Í greinagerð kemur fram að strandsjór sem tekur við vatni úr ós skilgreinist að öllum líkindum sem síður viðkvæmur þar sem opið haf er þar fyrir utan með miklum straumum. Milli urðunarstaðar og Norðlækjar er um 1 km breitt mýrlendi.

Umhverfisstofnun bendir á að Akraós og strandsjór sem er skilgreindur sem viðtaki samkvæmt greinagerð, er á náttúruminjasrá nr. 214. Þar segir: „ (1) *Fjörur og grunnsævi ásamt strandlengju, eyjum og skerjum frá Ökrum og Hvalseyjum í Borgarbyggð vestur fyrir Sauratjörn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Snæfellsbæ, svo og Sauratjörn sjálf auk Laxárbakkaflóa og Glámsflóa.* (2) *Grunnsævi, viðáttumiklar teirur, sandfjörur og fitjar, auk fjölda eyja og skerja. Blautir brokflóar. Afar mikilvægt svæði fyrir fuglalíf*“. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að sjór og strönd neðan við urðunarstaðinn verði vaktað og gerðar verði mælingar á hugsanlegum mengunarefnum sem geta borist í viðtaka þar sem um er að ræða mikilvægt svæði fyrir fuglalíf og nauðsynlegt að tryggja að verndargildi svæðisins rýrist ekki við breytinguna.

Landslag og sjónrænir þættir

Í greinagerð segir að urðunarreinin sé dýpri en eldri urðunarreinar nr. 1-3 á eldri urðunarstað og sigvatnslagnir liggja dýpra. Meðalþyngd þjappaðs úrgangs er um 750 kg/m^3 og því má gera ráð fyrir að 216.000 tonn af úrgangi rúmist í nýju urðunarreininni. Verði reinin hins vegar stækkuð í 432.000 m^3 mun hún rúma samtals 324.000 tonn af úrgangi, eða um 54% umfram áætlað magn, án þess að auka líkur á neikvæðum áhrifum á sjónræna þætti umfram það sem gert var ráð fyrir í upphaflegu mati á umhverfisáhrifum sorpurðunar á svæðinu.

Botnþétting og tálmar

Fram kemur í greinagerð að aðstæður við urðunarsvæðið í Fíflholti sé í nokkru frábrugðið þeim aðstæðum sem gert er ráð fyrir í reglugerð nr. 738/2003 1. viðauka, 3. lið sem fjallar um verndun jarðvegs og vatns. Í greinagerð segir að treyst sé á berg sem er undir urðunarstaðnum sem þéttingu þar sem ekki er að finna leir á staðnum eða í næsta nágrenni til þéttingar.

Samkvæmt greinagerð hefur Stapi jarðfræðistofa gert lektarmælingar á staðnum og er talið að dílabasalt sé um 80% af jarðlagsstaflanum undir urðunarrein 4, póleiitbasalt 15% og nær lóðréttir berggangar um 5%. Niðurstöður mælinganna sýndu að lekt hraunlaga neðan við 10 m dýpi er svo lítið að hún sé vart mælanleg og í efstu 3 metrunum mælist lekt dílabasaltsins $4,4 \times 10^{-9} \text{ m/sek}$ til $1,1 \times 10^{-10} \text{ m/sek}$ og um

$2,7 \times 10^{-9}$ m/sek að meðaltali. Þóleiitbasaltið er þétt í eðli sínu en nokkru lekara en dílabasaltið, sérstaklega þar sem það hefur verið sprengt eða fleygað. Talið er að lekt þess í efstu 3 m jarðlagastafans geti verið 10^{-7} til 10^{-8} m/sek. Mæld lekt í berggöngum er að meðaltali $2,7 \times 10^{-6}$ m/sek. Mól sem notuð er í jöfnunarlag í botninn er með mælda meðallekt um $2,5 \times 10^{-7}$ m/sek og sandurinn sem notaður hefur verið ofan á dúkinn í drengurðunum hefur mælda meðallekt upp á $1,7 \times 10^{-6}$ m/sek. Mórinn sem notaður hefur verið í hliðarmanir hefur mælda lekt upp á $3,7 \times 10^{-7}$ m/sek.

Í greinagerð segir að vegna aðsæðna á urðunarstað hefur framkvæmdaraðili sótt um að fara aðra leið við hönnun tálma og þéttingar á nýja urðunarstaðnum og til verndar jarðvegi og vatni í nágrenninu. Aðferðin fellst í því að nota berggrunninn sem tálma og að sigvatni af honum sé safnað í kerfi og það flutt til hreinsunar eins og lýst er hér að framan. Í greinagerð segir að í áhættumati vegna starfsleyfisumsóknar sé sýnt fram á að þetta nægi til að uppfylla settar kröfur um botnþéttingu og lekt á urðunarstöðum. Í niðurstöðum áhættumats kemur fram að gera má ráð fyrir að yfir 95% sigvatns skili sér í söfnunarkerfi og hreinsivirki urðunarstaðarins.

Vöktun á sigvatni / afrennsli

Í greinagerð segir að sigvatn hefur verið meðhöndlað í hreinsivirki áður en það fer í mýrina. Mýrin sunnan við urðunarstaðinn er víðfeðm og skilur að urðunarsvæðið og Norðlæk og virkar þannig sem afkastamikil sía fyrir þau næringarefni sem eru í frárennslinu. Fram kemur í greinagerð að mengunarefni í sigvatni hafa allt frá upphafi mælinga á sigvatni frá urðunarstað árið 1999 verið undir viðmiðunarmörkum. Í niðurstöðum áhættumats vegna bráðamengunar er gefið til kynna að einungis séu hverfandi líkur á að bráðamengun geti átt sér stað á urðunarstaðnum sem leitt geti til mengunar í sjó, á strönd neðan við urðunarstaðinn eða í Norðlæk.

Samfélag

Fram kemur í greinagerð að svæðið sé afgirt. Til að koma í veg fyrir fok á urðunarstað verður úrgangur sem fer í reinina hulinn með trjákurli eða jarðvegi í lok hvers dags. Um 4-5 km eru í næsta mannabústað, ekki hefur verið orðið vart við teljandi lyktamengun frá núverandi urðunarstað. Í greinagerð segir að ekki sé talið líklegt að lyktarmengun muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Samræmi við skipulagsáætlanir

Í greinagerð segir að aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 geri ráð fyrir urðunarstað á svæðinu og deiliskipulag fyrir svæðið er í gildi. Því er ekki þörf á breytingu á skipulagsáætlun.

Náttúruminjar

Í greinagerð segir að engin verndarsvæði eru skilgreind á framkvæmda- eða áhrifasvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að sjór og strandsvæði neðan urðunarstaðarins er á náttúruminjaskrá nr. 214. Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, 38 gr. sem fjallar um hættu á röskun náttúruminja, skal leita umsagna og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá sbr. 67. og 68. gr.


Niðurstöður

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð er vísað í skýrslu um áhættumat vegna bráðamengunar og viðbragðsáætlun fyrir urðunarstaðinn í Fíflholti, þar segir: „Viðkvæmni viðtaka (sjávar) er í þessu mati skilgreind sem mikil ef notkun viðtakans er mikil t.d. til staðbundins fiskeldis og gæði viðtakans munu breytast verulega til verri vegar við áætlaða mengun eða ef að á viðtakanum hvílir sérstök vist eða vatnsvernd.“ Í greinargerð eru skilgreindir viðtakar á svæði á náttúruminjaskrá og ætti því viðkvæmni viðtaka að vera mikil. Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdirnar hafi ekki áhrif á gæði og rennsli vatns og grunnvatns í nágrenni framkvæmdasvæðisins til að tryggja að svæðið á náttúruminjaskrá tapi ekki verndargildi sínu.

Svæði nr. 214 á náttúruminjaskrá er mjög mikilvægt fuglasvæði og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að sjór og strönd neðan við urðunarstaðinn verði vakt að og gerðar verði mælingar á hugsanlegum mengunarefnum sem geta borist í viðtaka.

Umhverfisstofnun telur þó að framkvæmdin eins og henni er lýst í greinargerð og að uppfylltum þeim skilyrðum sem hér að framan hafa komið fram, sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og ætti því ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri


Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur